

ið í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, annast afgreiðslu á.

- II. Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur er heimilt að leggja bann við því, að félagsmenn þess vinni að afgreiðslustörfum í opinni sölubúð eða um söluop eftir þann tíma dag hvern, sem loka skal sölubúðum samkvæmt ákvæðum A-liðar 7. gr. framannefnds úrskurðar.

Hver aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 13. nóvember 1964.

Nr. 2/1964. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Útvegsmannafélags Dalvíkur f. h.
Útgerðarfélags Dalvíkur h. f.
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Kjarasamningar skýrðir.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Dalvíkur f. h. Útgerðarfélags Dalvíkur h.f. með stefnu, dags. 23. janúar þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að Útgerðarfélagi Dalvíkur h.f. „sé skylt að greiða og gera upp við vélstjóra á bátum sínum m/s Björgúlfi og m/s Björgvin á sildarvertíð sumarið 1962 samkvæmt ákvæðum 2. gr. kjarasamnings Landssambands ísl. útvegsmanna og

Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 14. febrúar 1961 og að byggt verði á skiptagrundvelli 3. gr. 1. mgr. kjarasamnings Landssambands isl. útvegsmanna og Sjómannasamtakanna innan A. S. Í. frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959“.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Útgerðarfélag Dalvíkur h.f. gerði skipin m/s Björgúlf og m/s Björgvin út á síldveiðar sumarið 1962. Vélstjórar á skipum þessum voru þeir Helgi Björnsson, Júlíus Snorrason, Ríkhartður Valdimarsson og Bjarni Gestsson, sem allir eru félagsmenn stefnanda.

Samkvæmt kjarasamningi milli aðilja máls þessa frá 14. febr. 1961 skulu vélstjórar fá í laun ákveðið margfeldi af launum háseta auk fastrar fjárhæðar. Við reikningskil, að lokinni síldarvertíð nefnt sumar, lagði Útgerðarfélag Dalvíkur h.f. til grundvallar kaupí framangreindra vélstjóra sinna, kaupákvæði gerðardóms, sem upp var kveðinn í júlí 1962, en ákvæði gerðardóms þessa skyldu samkvæmt bráðab.lögum frá 24. júní 1962 gilda sem samningur um kjör á síldveiðum milli útvegsmanna og sjómanna í þeim tilfellum, þar sem samningar hefðu ekki náðst um kaup og kjör.

Stefnandi telur, að hér hafi ekki verið rétt að farið af hálfu Útgerðarfélags Dalvíkur h.f., vegna þess, að kaup og kjör háseta á nefndum skipum hafi ekki átt að miðast við ákvæði nefnds gerðardóms. Kveður hann að sumarið 1962 hafi reikningsskil við háseta átt að fara eftir ákvæðum kjarasamninga frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasamtakanna innan ASÍ. Við þá samninga hafi Útvegsmannafélag Dalvíkur verið bundið nefnt sumar og þá einnig Útgerðarfélag Dalvíkur h.f. sem félagsaðili í því félagi. Hafi ákvæði gerðardómsins í síldveiðideilunni 1962 eigi náð til þess, þar sem þau hafi aðeins gilt gagnvart þeim að-

iljum, sem ekki voru bundnir kjarasamningi að því er varðaði sildveiðarnar sumarið 1962. Af þessum sökum hafi borið að miða kaupgreiðslur til vélstjórnanna á m/s Björgúlfi og m/s Björgvini við kjaraákvæði nefndra hásetasamninga frá 1958 og 1959.

Rök stefnda fyrir sýknukröfu hans eru í höfuðatriðum þau, að Útvegsmannafélag Dalvíkur hafi aldrei gerzt aðili að nefndum kjarasamningum frá 1958 og 1959 og þá ekki heldur Verkalýðsfélag Dalvíkur heldur hafi, að því er Dalvík snerti, verið miðað við sildveiðikjör þau, er gildandi voru á Akureyri hverju sinni. Útvegsmannafélag Akureyrar hafi á sínum tíma sagt upp nefndum samningum frá 1958 og 1959 um kaup og kjör háseta og sú uppsögn svo af sjálfu sér tekið til sildveiðikjaranna á Dalvík vegna þeirrar venju, sem Dalvíkingar hafi fylgt um að láta Akureyrarsamningana taka til sín, enda hafi verið skráð á umrædda Dalvíkurbáta upp á „væntanlega samninga“. Af þessum sökum hafi ákvæði gerðardómsins frá 1962 gilt um kjör háseta á Dalvík á sumarsildveiðunum 1962, enda hafi reikningsskil við þá fyrir nefnt sildveiðitímabil farið eftir honum og vélstjórnarnir réttilega fylgt þeim, er þeim voru gerð skil, og þau hásetakjör því næst svo sem vera bar lögð til grundvallar margfeldi vélstjórnanna, er Útgerðarfélag Dalvíkur h.f. greiddi þeim að lokinni sildarvertíð sumarið 1962.

Samkvæmt vottorði skráningarstjórnans á Dalvík var lögskráð á m/s Björgvin og m/s Björgúlf með þeim hætti, að kjörin skyldu vera „samkvæmt væntanlegum samningi viðkomandi stéttarfélags“. Stefndi hefur fullyrt, að reikningsskil við hásetana eftir umrætt sildveiðitímabil hafi verið miðuð við ákvæði gerðardóms í sildveiðideilunni sumarið 1962. Hefur þeirri staðhæfingu eigi verið hnekkð þrátt fyrir sérstakt tilefni í úrskurði Félagsdóms frá 23. marz þ. á., er kvað á um öflun ýtarlegri gagna. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að hásetarnir eða stéttarfélag þeirra hafi allt til þessa tíma hreyft nokkrum athugasemdum við þau reikningsskil. Svo sem að framan er rakið áttu vélstjórnar samkvæmt

kjarasamningnum frá 14. febrúar 1961, að fá ákveðið margfeldi af kaupi háseta. Eins og máli þessu er háttað telur dómurinn, að leggja verði til grundvallar það kaup, sem hásetarnir hafa samkvæmt framansögðu veitt viðtöku athugasemdalaust og án mótmæla af hálfu stéttarféлага þeirra, en það var miðað við ákvæði nefnds gerðardóms. Ágreiningslaust er, að vélstjórar þeir, er um ræðir í máli þessu, fengu það margfeldi af hásetakaupi því, sem goldið var, er kjarasamningur málsaðilja frá 14. febrúar 1961 kvað á um.

Að þessu athuguðu telur dómurinn að sýkna beri stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Dalvíkur vegna Útgerðarfélags Dalvíkur h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
